

- B. **Reyktóbak:**
Kr. 250.00 pr. dús., kg eða lbs.
- C. **Vindlingar:**
Regular size kr. 400.00 pr. carton.
King size kr. 400.00 pr. carton.
- D. **Vindlar:**
Smávindlar 40.00 kr. pr. 10 stk.
Meðalstærð 125.00 kr. pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir 175.00 kr. pr. 25 stk.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. marz 1971. Með gildistöku gjaldskrár þessarar, er felld úr gildi gjaldskrá nr. 309 30. nóv. 1969 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 27. janúar 1971.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

REGLUGERÐ

um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, eru bannaðar veiðar frá 1. marz til 1. maí 1971 á svæðum, sem takmarkast af línunum, sem hugsast dregnar þannig:

1. Að austan hugsast dregin lína í réttvísandi suður frá Þjórsárósi í punkt 63°34' N og 20°48' V og þaðan í punkt 63°34' N og 21°26' V síðan í vesturátt gegnum eftirgreinda punkta:

1. 63°41'2 N 21°45'5 V
2. 63°41'2 N 22°21'0 V
3. 63°34'5 N 23°03'5 V

og þaðan í réttvísandi 033° í Reykjanesvita. Þó skal skipum allt að 105 brl. heimilt að veiða innan þessara marka á svæði, er takmarkast af lengdarbaugunum 21°57' V og 22°32' V og þrjár sjómílur út frá ströndinni.

2. Að norðan hugsast dregin lína í réttvísandi vestur frá Garðskaga og að sunnan í réttvísandi vestur frá Stafnesi. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislinunni.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. febrúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 24

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1970.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1970	kr. 10 264 373.42
2. Minningargjafir afhentar árið 1970	kr. 6 845.00
3. Samúðarskeyti Landssímans	— 2 232 325.90
	— 2 239 170.90
4. Greiddir vextir 1970	— 973 070.60
	<hr/>
	Kr. 13 476 614.92

Gjöld:

1. Styrkveitingar til sjúklinga 1970	kr. 482 000.00
2. Önnur útgjöld sjóðsins fskj. 1—17	— 80 308.00
3. Gjóf sjóðsins til áhaldakaupa Landspítalans	— 500 000.00
4. Eign sjóðsins 1. janúar 1970:	
a) Bankainnstæður	kr. 12 375 306.92
b) Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	— 19 000.00
c) Veðdeildarbréf Landsbankans, 15. fl.	— 20 000.00
	— 12 414 306.92
	<hr/>
	Kr. 13 476 614.92

Steinunnar-arfur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970	kr. 64 470.05
Afgjöld eftir hálfu jörðina Haga 1969	— 500.00
Vextir í Söfnunarsjóði 1969	kr. 752.37
Vextir í Landsbankanum	— 4 995.00
	— 5 747.37
	<hr/>
	Kr. 70 717.42